

Sp.

343. Fyrirspurn

[183. mál]

til ríkisstjórnarinnar um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflóttu úr Vestfjarðakjördæmi.

Frá Sigurvin Einarssyni og Hermanni Jónassyni.

1. Er lokið áætlun þeirri og tillögugerð til stöðvunar fólksflóttu úr Vestfjarðakjördæmi, sem Alþingi með þingsályktun 19. apríl 1963 skoraði á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdabanka Íslands í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn að gera fyrir árslok 1963?
2. Á hvern hátt hefur verið haft samráð við sýslunefndir og bæjarstjórn á Vestfjörðum um hina fyrirhuguðu áætlunar- og tillögugerð?